

31. janúar 2012

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/939*  
*komudagur 31.1.2012*

Ákærvald vegna meintra brota sem gegna ákvæðum laga um ráðherraábyrgð fara alþingismenn með saman. Hverjum og einum þeirra ber að veða og meta líkur þess að sakfelldur verði. Sé niðurstaða þeirra sú að minni líkur séu en meiri á að viðkomandi verði sakfelldur skal ekki ákæra eða öllu heldur að greiða atkvæði með þeim hætti í atkvæðagreiðslu um málið á þingi.

Haustið 2010 var samþykkt, illu heilli, að ákæra einungis Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra vegna athafna og athafnaleysis hans á stóli forsætisráðherra, af þeim fjórum ráðherrum sem átti að kæra var hann einn talinn bera refsiaðbyrgð.

Eins og Bjarni segir í þingsályktunartillögu sinni, voru tvö stór ákæruatriði, með úrskurði landsdóms, vísað frá landsdómi. Ákæruatriðin sem vísuð voru frá landsdómi eru í stuttu máli vanræksla á starfsskyldum sem forsætisráðherra og hins vegar að hafa ekki unnið greiningu á þeirri fjárhagslegu áhættu vegna hættu á fjármálaáfalli. Þarna eru tveimur mjög mikilvægum ákæruatriðum vísað frá og með þessa vitneskju bendir margt til að stór hluti alþingismanna og þar með hluti ákærvalds vegna mála fyrir Landsdómi hafi skipt um skoðun og telji nú að minni líkur séu en meiri að Geir H. Harde verði sakfelldur vegna hinna dæmalausú ásakana sem bornar hafa verið honum á brýn. Auk þess er gifurlega mikill kostnaður á bak við ákærana, sem Viljinn reiknar með að komi úr vösum skattgreiðenda, sem nýta mætti í margt annað fyrir utan það hve mikið hún tefur störf Hæstaréttar.

Þess vegna ber að meðlimum ákærvaldsins að greiða atkvæði á nýjan leik og draga til baka ákæru á hendur Geir H. Haarde.

Viljinn, félag ungra sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ, skorar á stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis að hraða umfjöllun sinni um þingsályktunartillögu Bjarna Benediktssonar formanns Sjálfstæðisflokksins. Þá skorar félagið jafnframt á nefndina að hún leggi til við Alþingismenn að tillaga Bjarna verði samþykkt og ákæran dregin til baka.